

Alþingi - Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík
(nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík 5. mars 2018
UST201802-338/A.B.B.
04.05

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, þingskjal 253 - 179. mál. Umsögn Umhverfisstofnunar

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis dags. 26. febrúar sl. þar sem Umhverfisstofnun er gefin kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Í 10. tölul. A um almenn atriði er varða uppbyggingu flutningskerfis raforku telur stofnunin að gera þurfi breytingar. Í tillögunni segir:


„Við val á línuleið fyrir raflínur skal forðast að raska, nema brýna nauðsyn beri til, friðlýstum svæðum og svæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðum laga um náttúruvernd.“

Þarna telur stofnunin að geri verði skýrari greinarmun á mismunandi svæðum sem njóta verndar sem þegar er áskilin í lögum. Í fyrsta lagi er um að ræða friðlýst svæði skv. lögum um náttúruvernd en í öðru lagi er mikilvægt að taka fram svæði sem njóta verndar skv. sérlægum (t.a.m. lög um vernd Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyrjarsýslu). Í þriðja lagi ber að nefna svæði sem hafa hlotið skráningu á náttúruminjaskrá án þess að hafa þó verið friðlýst. Að lokum ber að geta þeirra svæða (vistkerfa/jarðminja) sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd.

Í ljósi þessa leggur Umhverfisstofnun til að 10. tölul. A hljóði svo:

„Við val á línuleið fyrir raflínur skal gæta að verndarákvæðum friðlýstra svæða skv. lögum um náttúruvernd, svæða sem njóta verndar skv. sérlægum og réttaráhrifum skráningar á náttúruminjaskrá skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Forðast ber einnig að raska, nema brýna nauðsyn beri til, svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.“

Virðingarfyllt



Agnar Bragi Bragason
lögfræðingur